

AUGLÝSING

um skrá Skjólgarðs, dvalar-, hjúkrunar- og fæðingarheimilis
í Austur-Skaftafellssýslu skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 5.-8. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Framkvæmdastjóri 1,0 staða

Í Skjólgarði eru aldraðir og sjúkir í langtímadvöl og er því Skjólgarður heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað. Rekið er dvalarheimili og fæðingarheimili að Hvannabraut 1-5 og hjúkrunarheimili að Víkurbraut 29. Á hjúkrunarheimili eru 28 rúm og á dvalarheimili 14 rúm.

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða	Sjúkraliðar	5,2 stöður
Læknar	1,3 staða	Matráðskona	1,0 staða
Ljósmaður	1,1 staða	Sjúkraþjálfari	0,5 staða
Hjúkrunarfræðingar	2,8 stöður		

Stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða raðast þannig:

	Dagvakt virka daga stöður	Kvöldvakt virka daga stöður	Næturvakt alla daga stöður	Dagvakt helgar stöður	Kvöldvakt helgar stöður	Samtals stöðugildi
Hjúkrunarfræðingur	1,0	1,0	á bakvakt	1,0	1,0	2,8
Sjúkraliðar	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	5,2

Viðbót varðandi kvöldvaktir alla daga og dagvakt um helgar hjá sjúkraliðum:

Vegna þess að í Skjólgarði vinnur bæði ófaglært starfsfólk og sjúkraliðar hlið við hlið og hlutfallið á milli þeirra á vöktum breytilegt þá getur komið upp sú staða að þeir starfsmenn sem eru á vakt hverju sinni samkvæmt vaktaskrá séu að mestu sjúkraliðar. Í þannig tilfellum sé það tryggt að 2 sjúkraliðar starfi á vakt.

Eldhús:

	Dagvakt virka daga stöður	Dagvakt helgar stöður	Samtals stöðugildi
Matráðskona	0,8	0,2	1,0

Hornafirði, 20. janúar 1997.

Skjólgarður, dvalar-, hjúkrunar- og fæðingarheimili í Austur-Skaftafellssýslu.
Hallur Magnússon, framkvæmdastjóri Skjólgarðs.